

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavíkurborg, nr. 1097/2008.

1. gr.

Við 19. gr. samþykktarinnar bætist svohljóðandi 5. mgr.:

Heimilt er að undangenginni viðvörðun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum, að flytja burtu og taka í vörslu sveitarfélagsins ökutæki sem standa án skráningarnúmera á lóðum við almanna-færi, götum og almennum bifreiðastæðum. Sama gildir um ökutæki sem skilin eru eftir á opnum svæðum. Tilkynna skal skráðum eiganda og/eða umráðamanni um flutninginn og skal hann bera kostnað vegna flutnings og vörslu ökutækisins.

2. gr.

Breyting þessi á samþykktinni sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998 og reglugerð um lögreglusamþykktir nr. 1127/2007 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Dómsmálaráðuneytinu, 10. júlí 2018.*

**Sigríður Á. Andersen.**

\_\_\_\_\_  
*Haukur Guðmundsson.*